

**Sp.****123. Svar****[39. mál]**

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Svavari Gestssyni og Guðrúnu Helgadóttur um B-álmu Borgarspítalans.

*1. Hverju nema framlög til B-álmu Borgarspítalans á hverju ári frá því að bygging hennar hófst (á föstu verðlagi í október 1987), hvert ár tilgreint sérstaklega, a. úr ríkissjóði, b. úr Framkvæmdasjóði aldraðra, c. úr borgarsjóði?*

Í meðfylgjandi töflu er skráður byggingarkostnaður B-álmu Borgarspítalans. Í fyrsta lagi eru rauntölur hvers árs, í öðru lagi kostnaður framreiknaður til verðlags 1. okt. 1987, í þriðja lagi greiðslur úr ríkissjóði í rauntölum og í fjórða lagi greiðslur ríkissjóðs framreiknaðar til verðlags 1. okt. 1987.

Samkvæmt þessari töflu er heildarbyggingarkostnaður, framreiknaður til verðlags 1. okt. 1987, í árslok 1986 359 206 516 kr.

Á fjárlögum 1987 eru til framkvæmda við B-álmu 9 millj. kr. og úr Framkvæmdasjóði aldraðra sama upphæð, þ.e. heildarupphæð 18 millj. kr.

Á móti þessu er framlag borgarsjóðs á árinu 1987 1350 þús. kr. eða heildarframkvæmdafé á árinu 1987 19 350 þús. kr.

Framlag Framkvæmdasjóðs aldraðra á árabílinu 1981–1986 var 76 millj. kr. til B-álmu og sé það framreiknað til verðlags 1986 er það 170,3 millj. kr.

Til ársloka 1986 var framlag borgarsjóðs til B-álmu framreiknað til verðlags í árslok 1986 48 717 071 kr.

**Tafla 1.**

Ár	Byggingar- kostnaður B-álmu Rauntölur	Byggingar- kostnaður B-álmu, framreiknaður til verðlags 1. okt. 1987	Greiðslur ríkissjóðs Rauntölur	Greiðslur ríkissjóðs, framreiknaðar til verðlags 1. okt. 1987
1973 .....	63 229	7 065 841	—	—
1974 .....	33 867	2 502 433	—	—
1975 .....	20 000	1 013 600	—	—
1976 .....	24 737	1 074 328	—	—
1977 .....	37 285	1 298 637	200 000	6 966 000
1978 .....	875 169	19 323 732	750 000	16 560 000
1979 .....	120 423	1 872 578	100 000	1 550 000
1980 .....	2 549 475	24 959 360	2 000 000	19 580 000
1981 .....	7 889 156	51 279 514	6 811 658	44 275 777
1982 .....	21 993 453	92 592 437	13 800 000	58 098 000
1983 .....	33 184 880	76 657 073	23 515 230	54 320 181
1984 .....	13 790 694	27 305 574	21 700 000	42 966 000
1985 .....	23 780 478	35 670 717	20 500 000	30 750 000
1986 .....	13 825 577	16 590 692	6 375 000	7 650 000
<b>Alls</b>	<b>118 188 423</b>	<b>359 206 516</b>	<b>95 751 880</b>	<b>265 120 958</b>

2. Hve stór hluti B-álmunnar er í notkun núna og hvenær hafa áfangar verið teknir í notkun?

Ákvörðun um byggingu B-álmunnar var tekin í borgarstjórn árið 1973. Í nóvember 1977 hófust framkvæmdir við grunn- og botnplötu. Á árunum 1978–1980 voru teikningar B-álmunnar endurskoðaðar og álgan lengd um 7,5 metra.

Á miðju ári 1980 var boðin út uppsteypa álmunnar og frágangur utanhúss og síðla árs 1980 var samið við verktaka, Sigurð og Júlíus hf. (nú Byggsverks hf.).

Í júní 1983 var 6. hæð B-álmunnar tekin í notkun, 29 rúm, og í september–október 1984 var 5. hæðin tekin í notkun, 29 rúm.

Í mars 1986 var sjúkrahjálfun opnuð á fyrstu hæð B-álmunnar og á sl. vori var nýtt anddyri í B-álmunnar tekið í notkun.

Auk framangreinds hefur hluti af kjallara verið tekinn í notkun fyrir ræstingarmiðstöð, língeymslu og verkstæði, auk birgðastöðvar sem er í tengigangi við hliðina á B-álmunnar.

Nú er unnið að innréttingu 4. hæðar byggingarinnar.

3. Hvenær verður B-álmunn Borgarspítalans fullbúin ef framlög verða þau sömu á ári og er á þessu ári?

Svo sem fram kemur hér að framan er framkvæmdafé til B-álmunnar byggingarinnar í ár 19 350 þús. kr. og samkvæmt áætlun um kostnað við að ljúka byggingunni tæki það 15 ½ ár að ljúka henni með þeim framlögum sem eru til verksins í ár.

4. Hve mikið kostar alls að fullbúa B-álmunnar?

Í maí sl. var lögð fyrir stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar tillaga um að ljúka B-álmunnar á næstu þremur árum, þ.e. á árunum 1988–1990. Áætlað er að til þess að svo megi verða þurfi 100 millj. kr. á ári til verksins því að áætlað er að það þurfi um 300 millj. kr. til að fullljúka byggingunni.

5. Hve margir aldraðir Reykvíkingar eru nú á biðlistum eftir þjónustu við aldraða?

Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni ellimáladeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkur voru biðlistar eftir þjónustu við aldraða í Reykjavík um sl. áramót þannig: 354 einstaklingar og 76 hjón voru á biðlista eftir húsnæði fyrir aldraða og talin í brýnni þörf. Talið var að 276 einstaklingar og 46 hjón, sem voru á biðlista, gætu bedið eftir húsnæði.

Skipting eftir tegund húsnæðis er þannig:

Tafla 2.

	BRÝN ÞÖRF		GETA BEÐIÐ	
	Einstaklingar	Hjón	Einstaklingar	Hjón
Þjónustufbúðir .....	180	21	200	31
Verndaðar þjónustufbúðir .....	110	22	50	10
Dvalarheimili .....	82	16	20	5
Hjúkrunardeild .....	82	20	6	0
Samtals	354	76	276	46

Byggingardeild borgarverkfræðings í Reykjavík hefur haft umsjón með byggingu B-álmu Borgarspítalans og eru því upplýsingar þær, sem hér hafa verið settar fram um byggingarmálin, frá þeim aðilum og voru sendar ráðuneytinu með bréfi framkvæmdastjóra Borgarspítalans 29. okt. sl.